

Fimmtudagur, 10. apríl 2003

197. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 13/2003

**Erindi Líkamsræktarstöðvarinnar ehf. vegna líkamsræktarsalar
Íþróttamiðstöðvar Vestmannaeyja**

I.

**Upphaf rannsóknar Samkeppnisstofnunar –
Erindi Líkamsræktarstöðvarinnar ehf.**

1.

Með bréfi, dags. 30. júlí 2002, kannaði Samkeppnisstofnun hvort Vestmannaeyjabær hafði farið að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 17/1996, *Erindi Líkamsræktarstöðvarinnar hf. um rekstur Íþróttamiðstöðvarinnar í Vestmannaeyjum*. Óskað var upplýsinga um það hvernig og hvenær Vestmannaeyjabær hafi farið að ákvörðun ráðsins.

2.

Umsögn Vestmannaeyjabæjar barst Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 20. ágúst 2002. Í bréfinu er vísað til þeirra afgreiðslna íþróttaráðs og bæjarráðs Vestmannaeyjabæjar sem áttu sér stað eftir að samkeppnisráð hafði tekið ákvörðun nr. 17/1996. Meðal annars var vísað til þess að Vestmannaeyjabæ hafi borist bréf frá Samkeppnisstofnun, dags. 10. október 1996, þar sem óskað hafi verið eftir upplýsingum frá bænum um aðgerðir í kjölfar ákvörðunar samkeppnisráðs. Því bréfi hafi verið svarað með bréfi Vestmannaeyjabæjar, dags. 6. nóvember s.á., en þar hafi m.a. þeim gjaldskrárhækkunum verið lýst sem bærinn hafi gripið til í kjölfar ákvörðunarinnar. Auk þess hafi verið hætt að bjóða ókeypis í sund og ljósabekki.¹ Í janúar 2002 hafi verið óskað eftir úttekt á rekstri líkamsræktarsalarins vegna ársins 2001 m.t.t. ákvörðunar samkeppnisráðs. Málið hafi áfram verið rætt innan íþróttá- og bæjarráðs og komist að þeirri niðurstöðu þann 2. júlí 2002 að erfitt sé að reikna út þann kostnað sem tilheyrir eingöngu líkamsræktarsalnum. Því var sú ákvörðun tekin að hækka verð í líkamsræktarsalinn og lagt til að miðað yrði við verð hjá einkareknum stöðvum.

¹ Bréfinu var ekki svarað af hálfu Samkeppnisstofnunar.

Í bréfi Vestmannaeyjabæjar kemur enn fremur fram að bærinn telji sig hafa brugðist strax við ákvörðun nr. 17/1996. Unnið sé að því að tryggja þessa framkvæmd, m.a. með virkara eftirliti með því að fólk nýti sér ekki sundaðstöðu, gufuböð og ljósabekki án þess að greitt sé sérstaklega fyrir þjónusta.

3.

Samkeppnisstofnun barst erindi frá Líkamsræktarstöðinni ehf., með bréfi dags. 19. nóvember 2002. Í erindinu er þess getið að Vestmannaeyjabær hafi ekki brugðist við tilmælum Samkeppnisstofnunar vegna meintra brota gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 17/1996. Leitað hafi verið sátta af hálfu Líkamsræktarstöðvarinnar en Vestmannaeyjabær hafnað tillögunni. Ekki sé því að vænta breytinga af hálfu bæjarins og telur Líkamsræktarstöðin því að málið sé á byrjunarreit. Stefna bæjarins sé sú að þæfa málið. Verði ekkert að gert muni Líkamsræktarstöðin hætta rekstri. Að lokum er óskað eftir því að Samkeppnisstofnun taki málið til afgreiðslu með formlegum hætti og að samkeppnislögum sé beitt til hins ýtrasta.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Líkamsræktarstöðvarinnar var sent Vestmannaeyjabæ með bréfi, dags. 26. nóvember 2002, og óskað umsagnar. Jafnframt var bent á að Samkeppnisstofnun liti svo á að í erindinu fælist ósk Líkamsræktarstöðvarinnar um bráðabirgðaúrskurð.

Umsögn Vestmannaeyjabæjar barst með bréfi, dags. 29. nóvember 2002. Í bréfinu er ferill málsins rakinn frá sjónarhóli bæjarins. Þannig hafi Vestmannaeyjabær hafið könnun á því hvort heppilegt sé að leigja rekstur líkamsræktarsalarins út. Hafi samningaviðræður við Líkamsræktarstöðina m.a. verið langt komnar þegar kæra fyrirtækisins hafi borist Vestmannaeyjabæ. Þannig sé kæran dagsett 19. nóvember en daginn eftir hafi bænum borist tilboð þeirra í reksturinn. Bærinn hafi þannig ekki fengið tækifæri til að taka afstöðu til tilboðsins en aðeins tólf dagar hafi liðið frá því að Vestmannaeyjabær hafi byrjað könnun á útleigu rekstrarins.

Í umsögninni er að lokum vísað til þess að sjálfstæður aðili muni gera úttekt á rekstri líkamsræktarsalarins um miðjan desember og muni bærstjórn taka endanlega ákvörðun í málinu í lok þess mánaðar.

2.

Umsögn Vestmannaeyjabæjar var send Líkamsræktarstöðinni með bréfi, dags. 9. desember 2002. Í bréfi Samkeppnisstofnunar kom fram að með vísan til tilboðs Líkamsræktarstöðvarinnar og þess að unnið væri í málinu af hálfu

Vestmannaeyjabæjar þætti stofnuninni ekki tilefni til þess að kanna hvort ástæða væri til að taka bráðabirgðaákvörðun í málinu. Óskað var eftir athugasemdum Líkamsræktarstöðvarinnar vegna málsins.

Athugasemdir Líkamsræktarstöðvarinnar bárust Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 11. desember 2002. Í bréfi Líkamsræktarstöðvarinnar kemur fram að fyrirtækið telji ekki fullnægjandi að gjaldskrá verði þannig úr garði gerð að tekjur standi undir öllum kostnaði við reksturinn. Þannig hafi uppbygging salarins farið fram í trássi við samkeppnislög og ákvörðunarorð samkeppnisráðs. Ekkert hafi komið fram um kostnaðinn við uppbygginguna en einnig sé óvissa um rekstrarkostnaðinn. Eðlilegra sé að Líkamsræktarstöðin taki yfir rekstur salarins eða hann verði boðinn út að því tilskildu að kostnaður við uppbyggingu salarins liggi fyrir.

Líkamsræktarstöðin telur sig ekki hafa staðið óeðlilega að kæru til samkeppnisyfirvalda eins og ýjað sé að í umsögn Vestmannaeyjabæjar. Líkamsræktarstöðin hafi undanfarin ár ítrekað reynt að fá fram leiðréttingu á því ástandi sem myndast hafi. Kæra til Samkeppnisstofnunar hafi falið í sér ákveðinn þrýsting á bæjaryfirvöld til þess að hreyfa við málinu.

3.

Með bréfi, dags. 17. desember 2002, barst Samkeppnisstofnun bréf frá Vestmannaeyjabæ. Bréfinu fylgdi skýrsla, unnin af IBM Business Consulting Services (hér eftir IBM), dags. 15. desember s.á. Skýrslan er sögð úttekt á fyrirkomulagi rekstrar og mat á heildarkostnaði við rekstur líkamsræktarsalar Íþróttamiðstöðvar Vestmannaeyja og hafi hún einnig verið send Líkamsræktarstöðinni. Í skýrslunni er bent á að meta verði hlutdeild líkamsræktarsalarins í Íþróttamiðstöðinni þar sem hann sé ekki rekinn sem sérstök eining. Eru þær forsendur jafnframt raktar og sú niðurstaða kynnt að rekstur salarins sé jákvæður um 400 þús. kr. fyrir það tímabil sem skýrslan tekur til.

4.

Athugasemdir Líkamsræktarstöðvarinnar frá 11. desember 2002 voru sendar Vestmannaeyjabæ með bréfi, dags. 20. desember s.á., og óskað athugasemda.

Með tölvupósti, dags. 31. desember 2002, bárust Samkeppnisstofnun jafnframt athugasemdir Líkamsræktarstöðvarinnar við skýrslu Vestmannaeyjabæjar. Ekki eru gerðar athugasemdir við forsendur þær sem gefnar eru fyrir niðurstöðu skýrslunnar. Líkamsræktarstöðin gerir þó athugasemdir annars vegar við tímabil það sem skýrslan tekur til og hins vegar hvernig farið er með styrk að upphæð 2,867 m. kr. til Íþróttabandalags Vestmannaeyja (hér eftir ÍBV) sem tekjur að líkamsræktarsalum. Varðandi fyrra atriðið telur Líkamsræktarstöðin að ef það tímabil sem miðað er við væri teygt aftar kæmi kostnaður við endurbyggingu salarins í ljós. Varðandi síðara

atriðið sé um að ræða bókfærða tölu úr bæjarsjóði sem kölluð er styrkur sem Vestmannaeyjabæ sé frjálst að ákveða. Þessi upphæð komi þó í raun aldrei inn á reikning ÍBV. Í fundargerðum Íþróttaráðs sé svo viðurkennt að ÍBV hafi ókeypis aðgang að líkamsrækt. Eftir þessar lagfæringar sé 400 þús. kr. hagnaður væntanlega orðinn að milljóna tapi.

Þann 8. janúar 2003 tilkynnti Líkamsræktarstöðin að fyrirtækið hafi ráðið lögmannsþjónustuna LOGOS til þess að gæta hagsmuna sinna í málinu. Með vísan til þessa og þess að nýtt gagn hafði borist frá Vestmannaeyjabæ óskaði Samkeppnisstofnun eftir athugasemdum Líkamsræktarstöðvarinnar með bréfi, dags. sama dag.

5.

Athugasemdir Líkamsræktarstöðvarinnar bárust með bréfi frá LOGOS lögmannsþjónustu f.h. fyrirtækisins, dags. 17. janúar 2003. Í athugasemdunum kemur fram að Líkamsræktarstöðin telji Vestmannaeyjabæ brjóta gegn ákvörðunarorði samkeppnisráðs í ákvörðun nr. 17/1996 með háttsemi sinni. Líkamsræktarstöðin krefst þess að samkeppnisyfirvöld beiti sér fyrir því að á verði komið fjárhagslegum aðskilnaði milli þess rekstrar Íþróttamiðstöðvarinnar sem er í samkeppni og annars rekstrar. Jafnframt er þess krafist að samkeppnisráð beiti heimildum XIII. kafla samkeppnislaga gagnvart bæjarsjóði Vestmannaeyjabæjar, sem eiganda Íþróttamiðstöðvarinnar. Í bréfi Líkamsræktarstöðvarinnar eru málavextir raktir, m.a. stofnun fyrirtækisins árið 1994 og atburðir þeir sem leiddu til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 17/1996. Eftir að ákvörðun samkeppnisráðs hafi legið fyrir óskaði Samkeppnisstofnun eftir gögnum frá Vestmannaeyjabæ með bréfi, dags. 10. október 1996. Líkamsræktarstöðinni sé ekki kunnugt að bréfinu hafi verið svarað af hálfu Vestmannaeyjabæjar. Hins vegar hafi engin breyting orðið á rekstri líkamsræktarsalarins í Íþróttamiðstöðinni næstu fjögur árin. Árið 2000 hafi hins vegar verið ráðist í gagngerar breytingar á salnum, m.a. með kaupum á nýjum tækjum og endurnýjun salarins. Ekki hafi verið skýrt hvaðan fjármagn til endurbótanna hafi komið en Líkamsræktarstöðin telur óeðlilegt að slík endurnýjun sé fjármögnuð af bæjarsjóði Vestmannaeyja. Kostnaður vegna líkamsræktarsalarins sé ekki skýrlega aðgreindur og njóti salurinn betri kjara fyrir húsnæði undir rekstur sinn en samkeppnisaðilinn geri. Auk þessa hafi Íþróttamiðstöðin gert samninga um líkamsrækt á kostnað ýmissa vinnuveitanda, t.d. fyrir slökkviliðsmenn og lögreglu. Hvergi komi fram í sjóðsstreymi Íþróttamiðstöðvarinnar hversu mikið sé greitt fyrir þessa þjónustu þótt hún sé tekjufærð hjá Íþróttamiðstöðinni. Auk þess komi hvergi fram hver kostnaðurinn sé við að veita þjónustuna. Í dag fái 212 einstaklingar ókeypis aðgang að líkamsræktaráðstöðu í Íþróttamiðstöðinni. Þar sé um að ræða stóran hluta markhóps Líkamsræktarstöðvarinnar. Líkamsræktarstöðin telur því að samkeppnisráði beri að beita viðurlögum skv. XIII. kafla samkeppnislaga þar sem Vestmannaeyjabær hafi brotið gegn ákvörðun ráðsins nr. 17/1996 í tæplega sjö ár.

Samkeppnisstofnun sendi athugasemdir Líkamsræktarstöðvarinnar til Vestmannaeyjabæjar með bréfi, dags. 20. janúar 2003.

6.

Með bréfi, dags. 20. febrúar 2003, bárust athugasemdir Jóhanns Péturssonar hdl., f.h. Vestmannaeyjabæjar, til Samkeppnisstofnunar. Vestmannaeyjabær telur að í erindi Líkamsræktarstöðvarinnar og athugasemdum fyrirtækisins sé að finna rangfærslur eða vanþekkingu á málefnum. Þannig segi Líkamsræktarstöðin í bréfi dags. 7. júní 2002 að kostnaður við endurnýjun á tækjakosti Íþróttamiðstöðvarinnar árið 1995 hafi verið á annan tug milljóna. Rétt tala sé hins vegar tæpar sjö milljónir á uppreiknuðu verðlagi ásamt vöxtum. Einnig séu fullyrðingar varðandi lengri opnunartíma Íþróttamiðstöðvarinnar rangar. Nú sé sami opnunartími og hafi verið þegar Líkamsræktarstöðin hóf starfsemi. Í bréfi Líkamsræktarstöðvarinnar frá 17. október 2002 sé einnig bent á endurnýjun líkamsræktarsalar Íþróttamiðstöðvarinnar og dregið í efa að kostnaður við hana sé sá sem fram komi í gögnum frá Vestmannaeyjabæ. Þessar fullyrðingar séu rangar. Endurbæturnar hafi m.a. verið liður í að uppfylla kröfur Brunamálastofnunar og valið hafi verið ódýrasta gólfefnið fyrir salinn. Hljóðkerfi hafi hins vegar ekki verið endurnýjað í mörg ár. Að mati Vestmannaeyjabæjar hafi bréf Líkamsræktarstöðvarinnar því að geyma margar rangfærslur.

Varðandi umfjöllun Líkamsræktarstöðvarinnar um fjárhagslegan aðskilnað og undirverðlagningu í líkamsræktarsal Íþróttamiðstöðvarinnar í bréfi dagsettu 17. janúar 2003 telur Vestmannaeyjabær sig ekki hafa brotið gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 17/1996. Í ákvörðuninni sé Vestmannaeyjabæ ekki gert að aðskilja rekstur líkamsræktarsalarins frá öðrum rekstri heldur lúti ákvörðunin að því að verðlagning Íþróttamiðstöðvarinnar miði að því að þjónustan sé ekki niðurgreidd. Þessa kröfu hafi Vestmannaeyjabær uppfyllt. Hins vegar hafi markvisst verið unnið að því að aðskilja rekstur líkamsræktarsalarins frá öðrum rekstri Íþróttamiðstöðvarinnar. Um mitt síðasta ár hafi þessi vinna náð því stigi að allar tekjur vegna salarins eru færðar sérstaklega á hann.

Við mat á því hver verðlagningin í líkamsræktarsalinn þurfi að vera verði að líta til stærðarhagkvæmni rekstrarins, þ.e. samlegðaráhrif við eina stærstu íþróttamiðstöð hér á landi. Þannig sé salurinn einungis um 2% af heildarstærð Íþróttamiðstöðvarinnar í fermetrum talið. Tekjur vegna salarins séu vel aðgreindar en erfitt sé hins vegar að meta hlutdeild salarins í heildarkostnaði. Slíkt mat muni ávallt vera huglægt að einhverju leyti. Skýrsla ráðgjafa Vestmannaeyjabæjar feli í sér mat á þessari hlutdeild og þar komi fram að líkamsræktarsalurinn sé ekki niðurgreiddur. Líkamsræktarstöðin hafi ekki rengt niðurstöður skýrslunnar en fram hafi komið athugasemdir Líkamsræktarstöðvarinnar við millifærslu frá ÍBV að fjárhæð 2,8 m. kr. Í skýrslunni

sé reiknaður kostnaður á móti þessum millifærslum með ákveðnum hætti en að sá háttur sé síst hagstæður Vestmannaeyjabæ. Þeir sem hafi endurgjaldslausan aðgang að líkamsræktarsalnum séu í dag rúmlega 100.

Í bréfi Vestmannaeyjabæjar kemur einnig fram að Líkamsræktarstöðin virðist meta það svo að um undirverðlagningu sé að ræða í líkamsræktarsal Íþróttamiðstöðvarinnar ef verðlagning þar sé ekki sú sama og hjá Líkamsræktarstöðinni. Vestmannaeyjabær telur einnig að starfsemi Líkamsræktarstöðvarinnar sé með öðrum hætti en í sal Íþróttamiðstöðvarinnar. Þannig bjóði salur Íþróttamiðstöðvarinnar ekki upp á leiðbeinanda í sal, skipulagða tíma í umsjón leiðbeinanda skv. stundaskrá, skipulögð námskeið eða barnagæslu, en Líkamsræktarstöðin bjóði hins vegar alla þessa þjónustu.

III.

Niðurstöður

1.

Sjónarmið aðila

Líkamsræktarstöðin ehf. telur að Vestmannaeyjabær hafi brotið gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 17/1996 *Erindi Líkamsræktarstöðvarinnar hf. um rekstur Íþróttamiðstöðvarinnar í Vestmannaeyjum*. Það er mat fyrirtækisins að tekjur líkamsræktarsalarins í íþróttamiðstöðinni nægi ekki fyrir þeim kostnaði sem af rekstrinum hljóttist. Vestmannaeyjabær hafi því brotið gegn ákvörðun samkeppnisráðs í tæp átta ár.

Vestmannaeyjabær telur sig ekki hafa brotið gegn ákvörðun samkeppnisráðs. Þannig hafi bærinn brugðist strax við ákvörðunarorði samkeppnisráðs árið 1996 með því að hækka verð í líkamsræktarsalinn. Jafnframt hafi verið tekið fyrir að sund eða ljósabekkir væri innifalið þegar keyptur er aðgangur að líkamsræktarsal. Úttekt ráðgjafa fyrirtækis sýni jákvæða afkomu líkamsræktarsalarins og því sé ljóst að Vestmannaeyjabær brjóti ekki gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 17/1996.

2.

Skilgreining markaða

Aðilar máls hafa ekki lagt fram markaðsskilgreiningu í málinu. Ljóst er þó af umfjöllun aðila fyrir Samkeppnisstofnun að aðilar telja sig keppa á markaði fyrir á þjónustu sem líkamsræktarsalir veita. Af lýsingu málavaxta má þó dæma að Líkamsræktarstöðin og salur Íþróttamiðstöðvarinnar bjóði ekki upp á sömu þjónustu. Sú þjónusta sem er sameiginleg með báðum aðilum er aðgangur að tækjasal til líkamsræktar. Önnur þjónusta, t.d. skipulagðir leikfimitímar með leiðbeinanda eða aðstoð leiðbeinanda í tækjasal, er einungis fyrir hendi hjá Líkamsræktarstöðinni.

Samkeppnisráð telur því að aðilar málsins séu keppinautar á markaði fyrir aðgang að tækjasölum fyrir líkamsrækt í Vestmannaeyjum. Samkeppnisráði þykir ekki nauðsynlegt að staðreyna markaðshlutdeildir keppinauta í máli þessu þar sem það varðar meint sjálfstætt brot gegn ákvörðun ráðsins.

3.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 17/1996

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 17/1996 segir í ákvörðunarorði:

„Verðlagning Íþróttamiðstöðvarinnar í Vestmannaeyjum á þeirri þjónustu sem veitt er í samkeppni við Líkamsræktarstöðina hf. í Vestmannaeyjum hefur skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Samkeppnisráð mælir fyrir um að Íþróttamiðstöðin verðleggi þá þjónustu sem seld er í samkeppni við Líkamsræktarstöðina hf. þannig að ekki verði um undirverðlagningu að ræða sem hafi skaðleg áhrif á viðkomandi markaði. Samkeppnisþjónustuna skal ekki verðleggja undir þeim kostnaði sem henni tengist, bæði breytilegum og föstum kostnaði ásamt hlutdeild í sameiginlegum kostnaði. Við mat á kostnaði skal m.a. hafa hliðsjón af fjárbindingu í tækjum og búnaði og reikna eðlilega markaðsvexti af þeim. Ennfremur skal reikna með húsnæðiskostnaði í verðlagningunni. Innheimta skal sérstaklega fyrir aðgang almennings að ljósabekkjum, tækjasal og sundlaug.“

Í málinu er ekki ágreiningur um sérstaka innheimtu Íþróttamiðstöðvarinnar fyrir aðgang að ljósabekkjum, tækjasal og sundlaug. Ágreiningur er hins vegar um þann hluta ákvörðunarinnar sem lýtur að verðlagningu í tækjasalinn.

4.

Líkamsræktarþjónustan telur að tekjur af líkamsræktarsal í Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja nægi ekki fyrir kostnaði og því brjóti Vestmannaeyjabær gegn ákvörðun samkeppnisráðs. Líkamsræktarstöðin hefur ekki gert athugasemdir við þær forsendur sem fram koma í skýrslu sem IBM vann fyrir Vestmannaeyjabæ að öðru leyti en því að tímabilið sem skýrslan taki til sé óheppilegt þar sem skömmu áður hafi endurbyggingu salarins verið lokið. Jafnframt sé óeðlilegt að 2,867 m.kr. styrkur bæjarsjóðs til ÍBV sé tekjufærður hjá líkamsræktarsalnum.

Samkeppnisráð telur ekki að tímabil skýrslunnar skipti sköpum í máli því sem hér er til umfjöllunar. Hins vegar er nauðsynlegt að tekið sé mið af öllum kostnaði þegar afkoma líkamsræktarsalarins er metin, m.a. sú fjárbinding sem fyrir er í tækjum og kostnaði við uppbyggingu salarins. Samkvæmt útreikningum þeim sem fram koma í skýrslu IBM er líkamsræktarsalurinn látinn taka þátt í öllum viðhaldskostnaði Íþróttamiðstöðvarinnar í samræmi við hlutfall salarins af heildar fermetrafjölda miðstöðvarinnar. Jafnframt eru líkamsræktartæki í salnum uppreiknuð og afskrifuð

samkvæmt venju. Að mati samkeppnisráðs verður því ekki séð að tímabil skýrslunnar sérstaklega sé aðfinnsluvert. Í skýrslu IBM kemur m.a. fram að líkamsræktarsalurinn tekur þátt í öllum kostnaði við viðhald hússins. Jafnframt eru verðmæti tækja í salnum uppreiknuð og afskrifuð samkvæmt venju.

Varðandi tekjufærslu á 2,867 m.kr. á líkamsræktarsal frá ÍBV telur samkeppnisráð að Líkamsræktarstöðin hafi ekki sýnt fram á að hún sé óeðlileg. Að mati ráðsins er ekki nauðsynlegt að upphæðin, sem er styrkur Vestmannaeyjabæjar til ÍBV, sé færð fyrst inn á reikning ÍBV og svo sem greiðsla á leigu á líkamsræktarsalnum. Ljóst er að styrkurinn er hluti af heildarstyrk bæjarfélagsins til Íþróttafélagsins. Að mati ráðsins er í þessu tilviki ekki óeðlilegt að slíkur styrkur sé nýttur m.a. til þess að greiða fyrir leigu á líkamsræktaraðstöðu fyrir ÍBV. Líkamsræktarstöðin hefur ekki gert athugasemdir við upphæð leigunnar eða þær forsendur sem Vestmannaeyjabær gefur sér við útreikning á henni.

Upplýst er í málinu að Samkeppnisstofnun gerði ekki athugasemdir við aðrar aðgerðir Vestmannaeyjabæjar í kjölfar ákvörðunar nr. 17/1996. Það er því mat samkeppnisráðs að Vestmannaeyjabær hafi ekki brotið gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 17/1996. Af málavaxtalýsingu og því sem fram hefur komið hér að ofan virðist töluverðrar tortryggni gæta af hálfu keppinauta í garð verðlagningarstefnu Vestmannaeyjabæjar í líkamsræktarsal Íþróttamiðstöðvarinnar. Í þeim tilgangi að draga úr vafa um það hvort Vestmannaeyjabær niðurgreiði þjónustu þá er varðar líkamsræktarsal Íþróttamiðstöðvarinnar og til þess að auka gagnsæi verðlagningar þjónustunnar til frambúðar telur samkeppnisráð því nauðsynlegt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað milli rekstrar salarins og Íþróttamiðstöðvarinnar að öðru leyti eins og nánar er greint frá í ákvörðunarorði.

Vestmannaeyjabær skal tilkynna Samkeppnisstofnun innan tveggja mánaða frá dagsetningu þessarar ákvörðunar til hvaða aðgerða bæjarfélagið muni grípa til þess að aðskilja fjárhag líkamsræktarsalarins frá öðrum rekstri Íþróttamiðstöðvarinnar.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Með heimild í 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 beinir samkeppnisráð þeim fyrirmælum til Vestmannaeyjabæjar að koma á fjárhagslegum aðskilnaði milli rekstrar líkamsræktarsalar og annarrar starfsemi sem fram fer í Íþróttamiðstöð Vestmannaeyjabæjar.

Aðskilnaðurinn skal fara fram með þeim hætti að:

1. Stofnuð verði sérstök eining um rekstur líkamsræktarsalar Íþróttamiðstöðvar Vestmannaeyja. Reikningshald salarins skal vera sjálfstætt. Reikningsskil skulu gerð í samræmi við meginreglur laga um ársreikninga og skulu þau liggja fyrir opinberlega með sambærilegum hætti og almennt gerist.
2. Gera skal sérstakan stofnefnahagsreikning. Skulu þær eignir sem teljast til líkamsræktarsalarins metnar á markaðsverði ef þess er kostur en annars á endurkaupsverði að frádregnum hæfilegum afskriftum.
3. Með skuldum líkamsræktarsalarins skulu teljast skuldbindingar sem tengjast starfsemi salarins.
4. Til gjalda við rekstur líkamsræktarsalar Íþróttamiðstöðvar Vestmannaeyja skal færa allan breytilegan og fastan kostnað vegna líkamsræktarsalarins og eðlilega hlutdeild í sameiginlegum kostnaði Íþróttamiðstöðvarinnar. Við mat á kostnaði skal m.a. hafa hliðsjón af fjárbindingu í tækjum og búnaði og reikna eðlilega markaðsvexti af þeim.
5. Öll viðskipti milli líkamsræktarsalarins og annarrar starfsemi Íþróttamiðstöðvarinnar skulu verðlögð á markaðsverði eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða. Ef markaðsverð liggur ekki fyrir skal miðað við kostnaðarverð að viðbættri hæfilegri álagningu.
6. Gjaldskrá skal standa undir rekstrarkostnaði líkamsræktarsalarins auk hæfilegrar álagningar eins og um sjálfstæðan rekstur væri að ræða.“

Vestmannaeyjabær skal tilkynna Samkeppnisstofnun innan tveggja mánaða frá dagsetningu þessarar ákvörðunar til hvaða aðgerða bæjarfélagið hyggst grípa til þess að aðskilja fjárhag líkamsræktarsalarins frá öðrum rekstri Íþróttamiðstöðvarinnar.“

[Máli þessu var áfrýjað, sjá úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála [nr. 10/2003](#)]